

Sumartónleikar við Mývatn 2015

29 starfsár.

Reykjahlíðarkirkja, laugardag 1. ágúst kl. 21:00,

Skútustaðakirkja, sunnudag 2. ágúst kl. 21:00

Helgistund í Kirkjunni í Dimmuborgum,

kl. 14:00 sunnudaginn 2. ágúst.

Flytjendur: Strokkvartettinn SIGGI

Una Sveinbjarnardóttir, fiðla, Helga Þóra Björgvinsdóttir, fiðla,
Þórunn Ósk Marinósdóttir, víola, Sigurður Bjarki Gunnarsson, selló
Á efnisskrá eru m.a. glæsilegir kvartettar eftir D. Shostakovich
og Unu Sveinbjarnardóttur og íslensk sveitasyrpa þar sem
Una hefur útsett valinkunn lög fyrir kvartettinn.

Strokkvartettinn Siggi varð til á tónlistarhátíðinni Ung Nordisk Musik 2012.

Síðan þá hefur kvartettinn komið fram á fjölmörgum tónleikum.
Kvartettinn hefur gert nýrri tónlist góð skil og frumflutt ýmsi verk,
m.a. eftir fiðluleikara kvartettsins, Unu Sveinbjarnardóttur.
Una, Helga Þóra, Þórunn Ósk og Sigurður Bjarki eru öll meðlimir
í Símfóníuhljómsveit Íslands og Kammersveit Reykjavíkur.

Aðgangur ókeypis, en tekið við frjálsum framlögum við kirkjudyr.



Listrænn stjórnandi sumartónleika: Margrét Bóasdóttir.

Helstu stuðningsaðilar: Tónlistarsjóður, Landsbyggðartónleikar FÍT og FÍH,
Reykjahlíðarkirkja, Skútustaðakirkja, Skútustaðahreppur, Mýflug, Sparisjóður Þingeyinga,
Héraðssjóður Þingeyjarprófastdæmis, Hótel Reynihlíð, Sel Hótel Mývatn, Hótel Laxá, Hótel Gígur,
Hlíð ehf - Eldá ehf, Vogar ferðaþjónusta, Vogafjós, Kaffi Borgir, Jarðböðin við Mývatn.

Mýflugan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Hrafnhildur Geirsdóttir

Sími: 464 4343, 866 0311

Netfang: myflugan@emax.is

28. tbl. 7. árg. miðvikudaginn 29. júlí 2015

Afmælisbörn dagana 30. júlí — 5. ágúst 2015

30. Erna Þórarinsdóttir.
31. Böðvar Pétursson.
1. Sigurður Ásgeirsson.
4. Guðrún Ólafía Brynleifsdóttir.



***Skrifstofa Skútustaðahrepps verður lokuð
daganna 3.-7. ágúst n.k. vegna sumarleyfa.
Skrifstofan opnar aftur mánudaginn 10. ágúst.***

*Sumarkveðja
Jón Óskar Pétursson, sveitarstjóri.*



Okkar ástkæra

***Ingibjörg Friðjónsdóttir - Bogga frá Baldursheimi
verður jarðsöngin frá Skútustaðakirkju
föstudaginn 31. júlí klukkan 13:30.***

Ásgeir Baldursson, Þórhalla Þórhallsdóttir
Grétar, Inga Arnhildur, Þórlaug, Elva,
Rósa Björg, Eva Sóley og fjölskyldur





Nú færist fjör í leikinn hjá okkur í Gamlabænum og næsta víst að það ætti fólk ekki að láta framhjá sér fara.

Miðvikudaginn 29. júlí mæta snillingarnir í Jazzhópnum 23/8 með Björkologiuverkefnið sitt.
Þar flytja þau lög Bjarkar Guðmundsdóttur í jassútsetninum.

Fimmtudaginn 30. júlí
mætir svo Heiðar-drottningin Fanney Kristjánsdóttir og heldur tónleika í tilefni þess að Erna á afmæli.

Báðir tónleikarnir hefjast kl. 22:00 og sem fyrr er aðgangseyrir í boði hússins.”

Mýflugan

Kæru lesendur og viðskiptavinir.

Mýflugan kemur út á miðvikudögum.
Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 14:00 á þriðjudögum.
Netfang: myflugan@emax.is eða í síma 464 4343/ 866 0311

Verðskrá:

1/3 síðu auglýsing 2.600 kr. m/vsk.
1/2 síðu auglýsing 3.700 kr. m/vsk.
1/1 síðu auglýsing 4.800 kr. m/vsk.

Kveðja, Hrafnhildur.

Vertu þakklát fyrir að þú hefur ekki allt sem þú þráir.
Því ef þú hefur það allt, hvers gætir þú þá hlakkað til?

Vertu þakklát þegar þú veist ekki alla hluti, því það gefur þér tækifæri til að læra.

Vertu þakklát fyrir erfiðar stundir, því af þeirri reynslu þroskastu.

Vertu þakklát fyrir takmarkanir þínar, því þær gefa þér möguleika á að bæta þig.

Vertu þakklát fyrir hverja áskorun sem þú færð, því þær gefa þér sterkari persónuleika.

Vertu þakklát fyrir mistök þín, sem gefa þér mikilvæga reynslu.

Vertu þakklát þegar þú ert þreytt og lúin, því þá veistu að þú hefur gert þitt ítrasta.

Það er auðvelt að vera þakklát fyrir góða hluti. Þegar þú ert líka þakklát fyrir áföllin þá nýtur þú lífsins betur.

Þakklæti getur snúið hinu neikvæða í eitthvað jákvætt og gott. Finndu leið til að vera þakklát fyrir áföllin og erfidleikana í lífi þínu, og það mun verða þér til blessunar!

~ Höfundur ákunnur

hugarorka